


# Vefrit fjármálaráðuneytisins

26. janúar 2006

## Endurskoðuð þjóðhagsspá 2005-2007

Spáin er í meginatriðum samhljóða haustspá fjármálaráðuneytisins. Nú er áætlað að landsframleiðslan hafi aukist um 5,1% árið 2005 vegna kröftugs vaxtar þjóðarútgjalda, bæði einkaneyslu og fjárfestingar. Á móti hafði aukinn innflutningur, samdráttur í útflutningi sjávarafurða og seinkun hluta stóriðjuframkvæmda áhrif til að draga úr hagvextinum það ár. Í ár er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði áfram umtalsverður eða 5%, en á móti hægir á vexti þjóðarútgjalda og aukinn útflutningur áls fer að segja til sín. Spáð er að verulega dragi úr umsvifum árið 2007 en að áframhaldandi bati í utanríkisviðskiptum knýi hagvöxtinn sem verði 2,6% það ár. Viðskiptahallinn náði hámarki í fyrra þegar hann var 15% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að hann dragist saman í ár og verði 13% en minnki síðan hratt árið 2007 þegar því er spáð að hann verði um 6% af landsframleiðslu. Atvinnuleysi hefur minnkað ört og áætlað er að það verði 1,7% af vinnuafli í ár en aukist í 2,6% árið 2007 þegar hægir á í efnahagslífinu. Nokkrur framleiðsluspennu verður vart í hagkerfinu í ár en gert er ráð fyrir að hún minnki hratt í kjölfar mestu framkvæmdanna. Ör hækkun fasteignaverðs leiddi til þess að vísitala neysluverðs hækkaði um 4% árið 2005 en það er umfram 2,5% verðbólguþolmið Seðlabankans. Samkvæmt spánni verður verðbólga 3,9% í ár. Þúist er við að fasteignaverð hafi náð hámarki en á móti lækki gengi krónunnar innan ársins. Spáð er 4% verðbólgu árið 2007 vegna áframhaldandi gengislækkunar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum stóriðjuframkvæmdum í þjóðhagsspánni en þeim sem þegar hafa verið ákveðnar. Helsti óvissuþáttur í þjóðhagsspánni varðar gengi krónunnar.

## Hagvöxtur, vöxtur þjóðarútgjalda og viðskiptajöfnuður 1995-2007




## Skuldir ríkissjóðs

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa lækkað um helming á fimm árum. Í árslok 2001 námu skuldir ríkissjóðs 40% af VLF en í árslok 2005 um 20%. Á sama tíma hafa erlendar skuldir lækkað um 67%, frá því að vera rúmlega 26% af VLF í árslok 2001 í tæplega 9% um sl. áramót. Heildarskuldir ríkissjóðs námu í árslok 2005 196,5 milljörðum króna, þar af námu erlendar skuldir 85,5 milljörðum króna.

Erlendar skuldir hafa verið greiddar niður eftir því sem aðstæður hafa leyft með því að nota andvirði einkavæðingar og greiða afborganir ríkissjóðs. Hlutfall erlendra skulda af heildarskuldum hefur því lækkað jafnt og þétt, frá því að vera rúmlega 66% í árslok 2001 í rúmlega 43% í árslok 2005. Mest var þó lækkunin á árinu 2005. Bæði styrktist krónan á árinu gagnvart erlendum gjaldmiðlum en einnig var um verulegar uppgreiðslur að ræða. Fjármálaráðuneytið kynnti í upphafi síðasta árs að erlend lán að andvirði 5 milljarðar króna yrðu ekki endurfjármögðuð. Um vorið var sú

## Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF 2001-2005



fjárhæð aukin um rúmlega 6 milljarða króna og um sumarið um 3 milljarða króna til viðbótar. Í september sl. var síðan tilkynnt um aukin kaup gjalddeyrir á millibankamarkaði að jafnvirði 10 milljarða króna. Í september var um helmingur söluandvirðis Símans greiddur í erlendri mynt, að andvirði um 32 milljarðar króna. Ákveðið var að þeim fjármunum yrði að öllu leyti varið til niðurgreiðslu erlendra skulda. Niðurgreiðsla erlendra skulda á árinu 2005 nam um 48 ma.kr. en að auki átti ríkissjóður að jafnvirði um 9 milljarða króna á innlendum gjalddeyrirreikningum í árslok 2005 sem mun verða nýtt til niðurgreiðslu erlendra skulda á árinu 2006. Erlend lán á gjalddaga 2006 nema að jafnvirði tæplega 20 milljörðum króna og er áætlað að þau verði ekki endurfjármögðuð. Því er gert ráð fyrir að hlutfall erlendra skulda af heildarskuldum ríkissjóðs muni halda áfram að lækka.

## Þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins fyrir árið 2005

Í viðaukatöflu 3 með [endurskoðaðri þjóðhagsspá](#) fjármálaráðuneytisins er að finna yfirlit yfir þróun þjóðhagsspáa ráðuneytisins. Athyglisvert er að skoða þróunina fyrir árið 2005 frá því að fyrst var spáð fyrir það ár í október 2003 og til dagsins í dag. Hagvexti árið 2005 var fyrst spáð að verða 5,5% en í janúar 2004 var spáin hins vegar lækkuð í 3,5%. Spáin hækkaði í 5% á ný í maí 2004 og stóð óhreyfð í október það ár. Hins vegar tók spáin að hækka árið 2005 og endaði í 6% í október það ár. Í nýbirttri endurskoðaðri þjóðhagsspá er áætlað að hagvöxtur hafi verið 5,1% í fyrra. Það er athyglisvert hve margvíslegar ástæður liggja að baki einstökum spám. Í ársbyrjun 2004 var enn óvissa með einstakar stóriðjuframkvæmdir á árinu 2005, en sú óvissa minnkaði og spár um vöxt fjárfestingar hækkuðu þegar leið á tímabilið. Í lok árs 2005 kom í ljós að fjárfesting myndi vaxa eitthvað minna vegna tafa í jarðgangagerð. Vegna aukinna umsvifa og hækkandi stýrivaxta Seðlabankans tók gengi krónunnar að styrkjast umfram væntingar og það hafði áhrif til að auka á einkaneyslu og innflutning. Þá dróst framleiðsluverðmæti sjávarafurða saman árið 2005 og það hafði áhrif til að útflutningur dróst saman á milli ára. Í september 2005 innleiddi Hagstofa Íslands nýja aðferð, árlega keðjutengingu, við að meta magnbreytingu í þjóðhagsreikningum í stað þess að nota fast grunnár, en það hafði áhrif á mælda hagþróun. Spár ráðuneytisins yfir þetta tímabil fyrir hagvöxt árið 2005 voru að mestu á bilinu 5% til 6%. Eins og ofan greinir voru margþætt og breytileg atriði sem lágu að baki spám ráðuneytisins. Þá má geta þess að spár ráðuneytisins um verðbólgu árið 2005 byrjuðu í 3% en hækkuðu smám saman upp í um 4% í apríl 2005 og sú spá var óbreytt í október það ár. Það varð niðurstaðan. Hagstofa Íslands mun birta áætlun um hagvöxt ársins 2005 í mars nk.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	2004	2005
Skatttekjur alls	13,7	21,3
Skattar á tekjur og hagnað	13,3	24,6
Tryggingagjöld	10,3	16,4
Eignarskattar	44,2	31,6
Veltuskattar	12,7	19,5
Tekjur alls	8,0	45,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember		
12 mánaða breyting (%)	2004	2005
Almenn mál	8,2	4,8
Félagsmál	9,2	6,4
Atvinnumál	1,9	-2,0
Vaxtagjöld	-6,1	35,7
Önnur útgjöld	6,0	63,4
Gjöld alls	6,9	8,9

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember		
Milljónir króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-8.177	21.461
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	9.557	70.420
Afborgun lána	-32.321	-61.597
Br. lánsfjárfjöfnuður	-29.639	3.691
Lántökur	27.567	7.734
Greiðsluafkoma	-2.072	11.425

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (jan. '06)	4,0	4,4
Kjarnaverðb. 1 (jan. '06)	4,0	4,3
Launavísitala (des. '05)	6,0	7,2
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atvinnuleysi (des. '05)	2,7	1,7